

SÖGUAÐFERÐ

KOMDU OG SKOÐAÐU UMHVERFIÐ

Söguaðferð (The Storyline Approach, Jordanhill College of Education) gefur nemendum tækifæri til að setja sig í spor annarra og glíma við fjölbreytileg viðfangsefni. Söguaðferð gefur enn fremur kost á að flétta saman hinar ýmsu námsgreinar þannig að úr verður ein heild.

Söguaðferð eflir auk þess samvinnu nemenda og frjálsa sköpun. Aðferðin byggist á því að börnin búa til umhverfi (sögusvið) og sögupersónur (dúkkulísur). Síðan er hrundið af stað ákveðinni atburðarás sem nemendur þurfa að takast á við.

HVAR (SÖGUSVIÐ)?

Hvað dettur börnunum í hug þegar þau hugsa um skólann? Hugstormun, skráning, orðalisti. Skólabyggingin, skólalóðin, leiktæki ...

Hvar er skólinn staðsettur (landshluti, götuheiti ...)?

Hvaða form sjáum við innan veggja skólans og utan?

Hvað sjáum við þegar við horfum út um glugga skólastofunnar?

Hvaða lífverur sjáum við (plöntur og dýr)?

Hvaða byggingar eru í nágrenni skólans? Býr fólk í öllum húsunum?

Hvert er hlutverk þessara bygginga? Hvaða starfsemi fer þar fram?

Hugstormun, skráning, orðalisti.

Börnin vinna saman að bakgrunni. Því næst búa þau til skólabygginguna, leiktæki, fótboltavöll o.s.frv. (klippimyndir).

Börnin velja sér því næst byggingu í nágrenni skólans og búa til klippimynd af viðkomandi byggingu.

Síðan hjálpast börnin við að raða byggingunum í nágrenni skólans.

Hvernig skyldi umhverfi skólans hafa litið út áður en skólinn var byggður?

HVERJIR (SÖGUPERSONUR)?

Hverjir starfa í skólanum?

Umræður, hugstormun, orðalisti. (Börn, kennarar ...)

Börnin velja sér, hvert og eitt, persónu og búa til dúkkulísu. Þau skrá sjálf eða með aðstoð upplýsingar um persónuna, t.d. nafn, heimilisfang, aldur, starf og uppáhaldsiðju. Að lokum segir hver frá sinni persónu.

ATBURÐIR

Vettvangsathuganir

Börnin taka með sér litla bók þar sem þau skrá það sem þau sjá og heyra. Hvaða form sjá þau inni í skólastofunni/skólanum og utan veggja hans?

Gönguferð um skólahverfið. Börnin styðjast við götukort og merkja við á kortinu eftir því sem við á. Í hvaða átt er haldið?

Heimaverkefni

Börn og foreldrar fá götukort og merkja inn á það leiðina sem farin er í skólann. Umferðarreglur og umferðarskilti, umferðarljós, gangbrautir o.s.frv.

Hvernig koma börnin í skólann (gangandi, í strætisvagni, í bíl ...)? Upplýsingar færðar upp í súlurit.

Loftmynd af nánasta umhverfi skólans: Börnin búa til líkan þar sem legókubbar eða aðrir kubbar eru notaðir sem ták fyrir byggingar.

Hvernig lítur skólastofan út, séð úr lofti? Börnin búa til loftmynd af skólastofunni (teikning eða líkan).

Inni- og útileikir

Hvað leiki er hægt að fara í? Hugstormun, orðalisti, skráning. Börnin lýsa leikjunum og leikreglur eru skráðar.

Lífverurnar í umhverfinu. Hvaða lífverur sjáum við í umhverfi skólans? Lífverur á haustin og vorin, plöntur, smádýr/pöddur, fuglar ... Börnin safna smádýrum, skoða þær með stækkunargleri og í víðsjá. Því næst afla þau sér upplýsinga um þær, skrá heiti þeirra og vinna myndrænt á fjölbreytilegan hátt. Að lokum segir hvert barn frá sínu smádýri.

Veðrið

Veðurathuganir. Hvar fáum við upplýsingar um veðrið? Hvaða veðurták þekkja börnin? Hvernig klæðum við okkur vetur, sumar, vor og haust? Börnin klippa veðurkort út úr dagblöðum og lesa í veðrið.

Athugun eftir árstíðum: Börnin horfa út um glugga skólastofunnar. Myndir teknar á stafræna myndavél. Hvernig breytist umhverfið?

Sjá enn fremur fleiri hugmyndir í stærðfræðinámsefninu, *Eining 1*.

BOÐ OG BÖNN

Hvaða reglur vilja börnin að gildi í skólanum, jafnt innan veggja sem utan? Kennari skráir hugmyndir barnanna. Börnin velja sér eina reglu og myndskreyta.

Börnin semja slagorð/hvatningarorð í tengslum við samskipti og daglega umgengni í skólanum og myndskreyta.

ANNATÍMI – RÓLEGIR TÍMAR

Hvenær er annasamasti tími dagsins í skólanum? Umræður um klukkuna, heilan og hálfan tíma (*Eining 1 og 2*) og hugtök eins og morgunn, hádegi, hádegismatur, frímínútur, skólalok o.s.frv.

Hvenær er rólegasti tími dagsins í skólanum?

VIÐBURÐIR

Bekkjarhátíð/foreldraskemmtanir

Jólaskemmtanir

Vorhátíð

Vettvangsferðir

Hundrað daga skólahátíð:

Þegar börnin eru búin að vera hundrað daga í skólanum, koma þau með e-ð að heiman sem er samtals eitt hundrað. Sjá kennsluhugmyndir með hundraðtalnatöflu:

<http://www.namsgagnastofnun.is/eining/100taflan.pdf>